



Helgustaðanáma

Stjórnunar- og verndaráætlun 2017-2026

Desember 2017

Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2017 – 2022	4
1. INNGANGUR	5
1.1. Samráð	6
1.2. Eignarhald og umsjón	6
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi.....	6
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	6
2. LÝSING Á SVÆÐINU	7
2.1. Mörk svæðisins	7
2.1.1. Tengsl við grannsvæði	7
2.2. Náttúruminjar	7
2.2.1. Jarðminjar.....	7
2.3. Menningarminjar.....	8
2.4. Landnotkun.....	8
2.5. Innviðir og mannvirki.....	8
2.5.1. Vegir, slóðar og bílastæði	9
2.5.2. Stígar og gönguleiðir	9
2.5.3. Skilti	9
2.6. Öryggismál	10
2.7. Rannsóknir og vöktun	10
2.8. Kynning og fræðsla	11
2.9. Ógnir... ..	11
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	12
3.1. Stjórnsýsla.....	12
3.1.1. Friðlýsingaskilmálar	12
3.2. Náttúruminjar	12
3.2.1. Jarðminjar.....	12
3.3. Menningarminjar.....	13
3.4. Landnotkun.....	13
3.4.1. Ferðaþjónusta og útivist.....	13
3.5. Innviðir og mannvirki.....	13
3.5.1. Rekstur, landvarsla og eftirlit með innviðum	14
3.5.2. Stígar og gönguleiðir	14
3.5.3. Skilti	14
3.5.4. Sorp og sorpflokkun	15
3.6. Öryggismál	15
3.7. Rannsóknir og vöktun	15
3.8. Kynning og fræðsla.....	15
SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	17
HEIMILDIR	18
VIÐAUKI I	19
VIÐAUKI II	20
VIÐAUKI III	21

Leiðarljósín fyrir Helgustaðanámu eru að brottnám steinda stöðvist og að náttúruvættið fái að þróast á eigin forsendum, án þess að bergmyndum innan þess sé raskað. Áhersla skal lögð á að hvers konar innviðauppbýgging og aðgengi á svæðinu sé skipulögð með verndun náttúruvættisins að leiðarljósi. Þá skal einnig leggja áherslu á að viðhalda og fræða gesti svæðisins um náttúru- og menningarminjar þess enda felast framtíðartækifæri svæðisins í forvörnum, meðal annars með aukinni fræðslu.

Aðgerðaáætlun 2017 – 2022

Kafli þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða Umhverfisstofnunar sem brýnast er að grípa til svo að verndargildi Helgustaðanámu haldist. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðugt hvernig senni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili neðangreindra aðgerða.

Árlega

- ✓ Meta skal árlega hvort frekari viðhalds eða nýframkvæmda sé þörf til að vernda svæðið fyrir jarðraski og brottnámi steinda.
- ✓ Metið verði árlega öryggi ferðamanna í ljósi hrún- og hraphættu.

2017

- ✓ Umhverfisstofnun mun ljúka frágangi á aðalgöngustíg innan náttúruvættisins.
- ✓ Landvarsla verði frá júní til áramóta.

2018

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við sveitafélag um umsjón með svæðinu.
- ✓ Samin verði tilmæli um umgengni til þeirra sem stunda rannsóknir innan svæðisins sem ekki eru leyfisskyldar.
- ✓ Skilti með tilmælum um að gestir svæðisins skuli fylgja stígum og að brottnám steinda sé bannað verði sett upp.
- ✓ Endurtekin verði öryggisúttekt á svæðinu.

2019

- ✓ Endurskoða skal auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættisins.
- ✓ Lagt skal mat á það hvort endurskoða þurfi mörk náttúruvættisins.
- ✓ Umhverfisstofnun hafi frumkvæði að samráði við Minjastofnun Íslands og kanni áhuga á samstarfi við gerð fræðsluskilta um menningarmínjar á svæðinu.

2022

- ✓ Aðgerðaáætlun Helgustaðanámu verði endurskoðuð.

1. Inngangur

Helgustaðanáma er gömul silfurbergsnáma í landi Helgustaða í Fjarðabyggð og er naman friðlýst sem náttúruvætti. Helgustaðanáma er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi en þar var silfurberg grafið úr jörðu frá því á 17. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar. Enskt heiti silfurbergs er *Iceland spar* og er náttúrufræðingur kennt við Ísland á fjölmörgum tungumálum. Úr Helgustaðanámu kemur mest af því silfurbergi sem er að finna á söfnum víða um heim en einhver stærstu og tærustu eintök silfurbergs í heiminum hafa fundist í námunni.

Silfurberg er sérlega tærir kristallar af steindinni kalsít en bergið gegndi veigamiklu hlutverki í þróun margvíslegra rannsókna á eiginleikum ljóss. Þær rannsóknir leiddu til mikilvægra uppgötvana á sviði eðlis-, efna- og jarðfræði á 19. og 20. öld.

Mikið hefur verið um brottám silfurbergs úr námunni á síðustu árum en silfurbergið er friðlýst og er stranglega bannað að nema það brott. Helgustaðanáma hefur frá árinu 2010 verið á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu.¹

Í stjórnunar- og verndaráætlun Helgustaðanámu er meðal annars stefnt að því að stemma stigu við brottnámi steinda og þeim ágangi sem aukinn ferðamannastraumur hefur haft í för með sér á svæðinu. Hugað verður að innviðaupbyggingu í takt við gildandi deiliskipulag og lögð fram stefna um aukið eftirlit á svæðinu. Silfurbergið úr Helgustaðanámu á sér einstaka sögu og verður því einnig áhersla á að auka fræðslu um það til almennings.

Stjórnunar- og verndaráætlun Helgustaðanámu er unnin í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Áætlunin er unnin í samstarfi við Fjarðabyggð og að höfðu samráði við Ríkiseignir sem hefur umsjón með svæðinu fyrir hönd ríkisins.

Starfshópin skipuðu:

- ✓ Anna Berg Samúelsdóttir, Fjarðabyggð
- ✓ Linda Guðmundsdóttir, Umhverfisstofnun
- ✓ René Biasone, sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Austurlandi.

Stjórnunar- og verndaráætlunin gildir til ársins 2026 og er skipt upp í þrjú kafla. Fyrstu tveir kaflarnir innihalda bakgrunnsupplýsingar um Helgustaðanámu en í þriðja kafla er að finna stefnumótun og markmið fyrir svæðið, ásamt aðgerðum tengdum markmiðunum. Þær aðgerðir eru síðan teknar saman í aðgerðaráætlun sem fylgir stjórnunar- og

¹ Nánari upplýsingar um rauða listann má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar, <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/svaedi-i-haettu/>

verndaráætluninni og gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur aðgerðanna og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við fagstofnanir og aðila sem hagsmuni hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til fagstofnana og hagsmunaaðila sem tilgreindir eru á samráðsáætlun í viðauka III þar sem tilkynnt var að vinnan við gerð stjórnunar- og verndaráætlunina væri að hefjast. Auk þess var á vinnslutíma haft samráð við þessa aðila eins og þurfa þótti og kallað var eftir. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna.

1.2. Eignarhald og umsjón

Helgustaðanáma er í landi Helgustaða sem er ríkisjörð. Ríkiseignir fara með umsjón jarðarinnar fyrir hönd ríkisins. Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýstum svæðum sbr. 13 gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stefnt er að undirritun umsjónarsamnings við Fjarðabyggð um daglega umsjón náttúruvættisins og mun Umhverfisstofnun leitast við að ljúka gerð samningsins árið 2017. Til grundvallar samningi um umsjón friðlýsts svæðis skal liggja fyrir stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Hluti jarðarinnar Helgustaða var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1975 samkvæmt lögum um náttúruvernd (Stj. tíð. B. nr. 525/1975).

Í friðlýsingarskilmálum er kveðið á um eftirfarandi:

- ✓ Aðeins gangandi fólk er þar heimil för í lögmætum tilgangi.
- ✓ Hvergi má raska þar bergmyndunum og stranglega er bannað að hrófla við silfurbergi og flytja það út af svæðinu.
- ✓ Hvers kyns jarðrask er bannað nema sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.

Aðalskipulag Fjarðabyggðar gildir til 2027 og er Helgustaðastaðanáma flokkuð þar sem friðlýst svæði. Svæðið hefur verið deiliskipulagt og er hægt að finna tengil á deiliskipulagið inni á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Verndargildi svæðisins er fólgið í þeim jarðminjum sem þar finnast en samkvæmt 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber að vernda þær jarðminjar sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu en náttúruvættið er einn helsti fundarstaður silfurbergs í heiminum. Markmiðið með friðlýsingu Helgustaðanámu er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins, einkum m.t.t. þeirra jarðlaga sem eru rík af silfurbergi. Helgustaðanáma er eins og áður segir friðlýst sem náttúruvætti og flokkast því í III flokk verndarsvæða skv.

skilgreiningum Alþjóða náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Í þeim flokki eru svæði sem eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruuminjar sem geta verið t.d. landslagsfyrirbæri, neðansjárvarfjöll, jarðminjar og jafnvel lifandi fyrirbæri. Svæði í flokki III eru jafnan lítil og hafa oft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Mörk náttúruvættisins mynda ferhyrning frá Þjóðvegi og skammt upp fyrir námuna. Stærð friðlýsta svæðisins er 0,9 ha. Mörk svæðisins má sjá á korti í viðauka I. Innan marka náttúruvættisins er Helgustaðanáma en hún samanstendur í raun af tveimur námuopum sem í daglegu tali eru kallaðar efri og neðri náman.

2.1.1. Tengsl við grannsvæði

Helgustaðanáma er hluti af jörðinni Helgustöðum, áður Helgustaðahreppi í Suður-Múlasýslu, sem tilheyrir nú Fjarðabyggð. Ábúendur á Helgustöðum og nærliggjandi bæjum hafa í gegnum árin verið gæslumenn náttúruvættisins en Helgustaðir eru nú farnir í eyði að því undanskildu að þar stendur sumarhús sem er nýtt endrum og eins.

Næsti byggðakjarni við námuna er Eskifjörður en Þjóðvegur nr. 954 liggur við mörk náttúruvættisins.

2.2. Náttúruuminjar

2.2.1. Jarðminjar

Helgustaðanáma er staðsett við miðju fornrar megineldstöðvar í Reyðarfirði sem var virk fyrir u.þ.b. 11 milljón árum. Nálægð við megineldstöðina ýtti undir ummyndun í berginu og myndaði kalsít sem er algeng ummyndunarsteind í íslensku bergi.² Kalsítið sem myndaðist í Helgustaðanámu er gegnsætt afbrigði af steindinni og kallast silfurberg. Eiginleikar silfurbergsins ollu straumhvörfum í vísindum, en meðal þess sem vakti áhuga vísindamanna á silfurberginu var að það var eitt hreinasta efni sem fannst í náttúrunni eða um 99,95% hreint efni. Þá voru sýnin frá Helgustaðanámu stór og gallalaus og hægt var að kljúfa þau auðveldlega í minni einingar. Það var þó eiginleiki silfurbergsins til að tvíbrjóta ljós, þannig að hlutir sjást tvöfaldir þegar horft er í gegnum það, sem lagði grundvöllinn að viðamiklum rannsóknum og uppgötvunum í eðlis-, efna- og jarðfræði á 19. og 20. öld.

² Snæbjörn Guðmundsson, (2015).

Silfurberg er enn notað í tækjabúnað ýmsan í ljósfræði³ en silfurberg úr Helgustaðanámu er með öllu friðað.

2.3. Menningarminjar

Helgustaðanáma og hluti af hennar mannvirkjum teljast fornminjar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og falla undir 100 ára friðunarákvæði.⁴ Byggðasafn Skagfirðinga gerði fornleifaskráningu á svæðinu árið 2012 og voru skráðar 12 minjar. Mikill hluti minja og fornleifa á svæðinu tengjast námugreftri og námuvinnslu í Helgustaðanámu en þar eru í raun tvær manngerðar námur og tæki tengd þeim. Menningar- og fornminjar innan náttúruvættisins eru á forræði Minjastofnunar Íslands. Helgustaðanáma er ein af sex íslenskum minjastöðum sem Norræna ráðherraráðið tók saman greinargerð um og eru taldir „mikilvægur vitnisburður um nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem svæðið hefur upp á að bjóða.“⁵ Var námunnar getið ekki síst vegna þess hve heillegar minjarnar eru og hve góðan vitnisburð þær gefa um námuvinnslu á svæðinu en slík svæði eru fátíð á Íslandi.

Silfurbergsnámuvinnsla var stunduð í Helgustaðanámu frá síðari hluta 17. aldar þótt ekki hafi verið um að ræða mjög skipulagðan útflutning í stórum stíl á þeim tíma. Stórtækastur var námureksturinn á árabílinu 1855-1872 en minni vinnsla á árunum 1882- 1900. Eftir 1900 var farið að beita sprengiefni við námagröftinn. Á árunum 1921-25 voru grafin um 80 m löng námagöng undir eldri námunni og komu þau upp í botni hennar. Það op lokaðist þegar hrundi ofan í það. Árið 1947 var hafin námuvinnsla í Helgustaðanámu í síðasta skiptið og var þá sett upp mylla til að mala silfurberg. Vinnslunni lauk um miðja 20. öld.

2.4. Landnotkun

Landnotkun í dag einskorðast við ferðamennsku en talið er að um 4000-6000 gestir heimsæki svæðið árlega.

Leyfilegt er að taka myndir eða kvikmyndir á svæðinu. Þó gildir það sama um aðila sem það gera og aðra gesti svæðisins að þeir verða að halda sig á stígum, ekki ganga á skriðum og ekki haga kvikmynda- né ljósmyndatöku með þeim hætti að jarðminjar raskist eða að þær stangist á við lög.

2.5. Innviðir og mannvirki

Séfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar fer með yfirumsjón svæðisins. Landvörður hefur ekki haft fasta viðveru á svæðinu fram að þessu. Viðbótarfjármagn til landvörslu verður þó nýtt árið 2017 til að ráða landvörð á svæðið og er fyrirhugað að hann vinni frá júní til ársloka

³ Leó Kristjánsson, (2015).

⁴ Guðný Zoëga, (2012).

⁵ Guðný Zoëga, (2012); bls. 19.

2017. Umhverfisstjóri Fjarðabyggðar hefur fyrir hönd sveitarfélagsins haft eftirlit með ástandi svæðisins.

2.5.1. Vegir, slóðar og bílastæði

Aðkoma að Helgustaðanámu er við Þjóðveg 954 og þar er bílastæði. Við bílastæðið er fræðsluskilti. Árið 2015 og 2016 voru miklar framkvæmdir við Helgustaðanámu. Unnið var að uppbyggingu göngustígs árið 2015. Bílastæði, salerni, rotþró og vatnsþró var komið upp sumarið 2016 af sveitafélaginu Fjarðabyggð, rétt fyrir utan mörk náttúruvættisins.

2.5.2. Stígar og gönguleiðir

Frá bílastæði er gengið upp stíg sem síðan skiptist í tvennt og liggur þannig að sitthvoru námuopinu. Þar taka við slóðar í landslagi sem lítil þrýði er af, þröngir og villustígar á köflum með tilheyrandi gróðurskemmdum.

Stígurinn frá bílastæði að námunni var breikkaður og lagaður sumarið 2015 en varð fyrir miklum skemmdum í krapaflóðum í desember 2015. Stígurinn var því lagaður aftur sumarið 2016. Gerðar voru viðamiklar ráðstafanir til að ræsa fram vatn og krapa sem borist gæti á hann og ræsi sett undir stíginn sjálfan og við námumunann. Ákveðið var að setja ekki yfirlag á stíginn sumarið 2016 heldur að meta hvort framkvæmdir sem gerðar hafa verið á stígnum standist álagið yfir vetrartímann áður en sett er fast yfirlag á hann. Haldið var áfram innviðaupbyggingu árið 2017.

Við miðjan stíginn er áningarborð þar sem fólk getur borðað nesti. Þar er ekki gert ráð fyrir sorplosun, en sorplát sem gestir svæðisins geta notað eru við salerni á bílastæði.

Mjög lítið innviðaupbygging á sér stað innan námanna tveggja en fyrir framan þær eru stallar eða plön þar sem fólk getur virt fyrir sér svæðið og útsýnið yfir Reyðarfjörð. Engin skilti eða merkingar eru á þeim stöllum en öryggislínur eru þar á köflum. Árið 2017 var sett upp girðing í efri námunni til að varðveita þar silfurbergsæð og stóð sveitarfélagið Fjarðabyggð að þeirri framkvæmd, í samstarfi við Umhverfisstofnun.

Við efri námuna er steypdur grunnur sem áður var hluti aðstöðuhúss sem tilheyrði námuvinnslu á svæðinu. Þar er hægt að virða fyrir sér minjar námuvinnslunnar. Neðra námuopið er lágt og töluverður efnisburður varð í krapaflóðunum veturinn 2014-2015 sem lokaði að miklu leyti fyrir námuopið. Var það efni hreinsað frá námunni sumarið 2016 í samráði við Minjastofnun Íslands.

Gestir skulu ávallt fylgja stígum innan hins friðlýsta svæðis. Aldrei skal ganga í skriðum eða annars staðar þar sem hætta er á jarðaraski eða grjóthruni.

2.5.3. Skilti

Fræðsluskilti eru á bílastæði við upphaf göngustígs. Engar afgerandi merkingar taka við eftir að af bílastæði er komið. Ekkert skilti er við upphaf gönguleiðar þar sem fólk er frætt um að

Það sé komið inn á friðlýst svæði eða að silfurbergið sé friðlýst. Við námurnar tvær er hvergi miðlað til fólks að stranglega bannað sé að raska jarðminjum á svæðinu og nema burt steindir.

Náttúrustofa Austurlands hefur á síðustu áratugum unnið að fræðsluefni og framleiðslu skilta fyrir svæðið.

2.6. Öryggismál

Með breikkun og lagfæringu aðalstígs upp að námunni er hugað að bættu öryggi gesta á svæðinu. Öryggismerkingar og öryggislínur eru meðfram útsýnissvæðum á köflum en ekki meðfram stígum.

2.7. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og verður fram haldið árið 2018. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Helgustaðanámu en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Náttúrustofa Austurlands hefur sinnt rannsóknum á svæðinu, eftirliti og vöktun og býr yfir víðtækri þekkingu á svæðinu.

Silfurberg í Helgustaðanámu hefur gegnt mikilvægu hlutverki í rannsóknum og uppgötvunum í fjölmörgum greinum raunvísinda og hafði bæði með beinum og óbeinum hætti áhrif á framfaragang vísinda og tækniframfara síðustu alda. Leó Kristjánsson, doktor í jarðelisfræði hefur stundað viðamiklar rannsóknir á silfurbergi frá Helgustaðanámu og áhugasömum er bent á að nánari upplýsingar um þær rannsóknir eru að finna á vefslóðinni: https://notendur.hi.is/leo/vef_rit_icelandspar.html⁶

⁶ Sjá t.d. heimildir í heimildarskrá: Leó Kristjánsson, (2007a;2007b).

Á heimasíðu Breiðdalsseturs er að finna myndrænt efni og ýmsan fróðleik um Helgustaðanámu og silfurberg en árið 2015 var þar sett upp sýning um silfurberg. Einnig er að finna nánari upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.⁷

2.8. Kynning og fræðsla

Skilti eru á bílastæði þar sem er að finna upplýsingar um náttúrufar og jarðfræði svæðisins. Vegna takmarkaðrar landvörslu hefur ekki verið boðið upp á fræðslugöngur á staðnum fyrir þá sem heimsækja svæðið. Ekki hefur verið lögð áhersla á það af hálfu Umhverfisstofnunar að kynna svæðið sérstaklega til að auka komu gesta þangað enda svæðið í hnignun vegna mikils brottnáms steinda. Niðurstöður rauða listans hafa þó verið kynntar en þar kemur fram að Helgustaðanáma sé í mikilli hættu á að tapa verndargildi sínu. Hægt er að kynna sér rauða lista Umhverfisstofnunar á heimasíðu stofnunarinnar, www.umhverfisstofnun.is.

2.9. Ógnir

Svæðið var friðlýst til að koma í veg fyrir frekara brottnám silfurbergs úr námunni. Frá því svæðið var friðlýst hefur brottnám ennþá tíðkast og er mikið um að silfurberg sé tekið úr náttúruvættinu. Samkvæmt upplýsingum frá ábúendum Útstekks er vandamálið mikið og afleiðingar þess meðal annars skemmdir á heillegum silfurbergseintökum sem áður stóðu óskemmd. Aðgerðir gegn brottnámi á silfurbergi eru stærsta áskorun í stefnumótun svæðisins og brottnám steinda helsta ógn gegn verndargildi þess.

Svæðið hefur verið á rauðum lista Umhverfisstofnunar frá 2010. Engin reglubundin landvarsla er á svæðinu og því lítið eftirlit með brottnámi steinda.

⁷ Sjá tengla:

http://breiddalssetur.is/index.php?option=com_content&view=category&id=24&Itemid=39&lang=is og <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/austurland/helgustadanama/>

3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda og viðhalda verndargildi náttúruvættisins Helgustaðanámu. Lögð er áhersla á verndun jarðminja á svæðinu og fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir brottám, ekki síst með aukinni fræðslu og eftirliti. Í þessum kafla er leitast við að skilgreina markmið, gera grein fyrir framtíðarstefnu svæðisins og tiltekna aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum til að ná settum markmiðum.

3.1. Stjórnsýsla

3.1.1. Friðlýsingaskilmálar

Endurskoða skal auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættis í Helgustaðanámu frá 1975. Gera skal grein fyrir verndargildi svæðisins og þeim umgengnisreglum sem þar gilda. Í endurskoðaðri auglýsingu skal Umhverfisstofnun fara með leyfisveitingavald á svæðinu og skal sérstaklega tekið fram að leita skal leyfis vegna rannsókna á svæðinu og kvikmyndatöku. Samhliða skal leggja mat á það hvort endurskoða þurfi mörk verndarsvæðisins með tilliti til verndargildis þess.

Aðgerðir:

- ✓ Endurskoða skal auglýsingu um friðlýsingu náttúruvættisins.
- ✓ Lagt skal mat á það hvort endurskoða þurfi mörk náttúruvættisins.

3.2. Náttúruminjar

3.2.1. Jarðminjar

Stefnt skal að verndun jarðminja og komið skal í veg fyrir brottám steinda af svæðinu. Ein árangursríkasta leiðin til að koma í veg fyrir brottám steinda er virk landvarsla allt árið um kring og mun Umhverfisstofnun áfram leita leiða til að fjármagna landvörslu á svæðinu.

Setja skal upp skilti á svæðinu þar sem gestum svæðisins er bent á að brottám steinda sé bannað. Staðsetning á slíkum skiltum væri til dæmis við námuopin tvö og í upphafi gönguleiðar.

Stefnt skal að því að auka vitund almennings á verndargildi silfurbergsins í Helgustaðanámu. Áætlað er að setja upp sýningu um silfurberg á Eskifirði og styður Umhverfisstofnun við áætlun Fjarðabyggðar í þeim efnum og telur að slík fræðsla geti haft mikið forvarngildi gegn brottámi steinda úr náttúruvættinu.

Aðgerðir:

- ✓ Skilti sem upplýsa um bann við brottámi steinda skulu framleidd og sett upp á viðeigandi stöðum.

3.3. Menningarminjar

Samráð skal haft við Minjastofnun Íslands um alla fræðslu eða aðgerðir sem snúa að menningarminjum að svæðinu. Mikil tækifæri eru fyrir hendi í fræðslu til gesta um sögu námunnar í tengslum við menningarminjar svæðisins. Því skal stefnt að því að auka fræðslu um menningarminjar á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun hafi frumkvæði að samráði við Minjastofnun Íslands og kanni áhuga á samstarfi við gerð fræðsluskilta um menningarminjar á svæðinu.

3.4. Landnotkun

Af hálfu Umhverfisstofnunar er ekki sett fram stefna um aukna landnotkun á svæðinu að svo stöddu en vegna þess að Helgustaðanáma er áfangastaður ferðamanna hefur verið unnið að innviðauppbyggingu með það að markmiði að gæta þess að ferðamennska hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi náttúruvættisins. Hefur að hluta til verið brugðist við þessu álagi á jarðminjar svæðisins með deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á grunninnviðum á borð við göngustíga og skilti. Auk þess hefur verið sett upp salerni og byggt bílastæði á jaðarsvæðum. Þessum aðgerðum verður fylgt eftir með viðhaldi innviða, fræðslu og tilmælum til gesta svæðisins um bann við brottnámi steinda, ásamt eftirliti eftir því sem fjármagn leyfir.

3.4.1. Ferðapjónusta og útivist

Helgustaðanáma er mjög lítil staður á afmörkuðu svæði og innviðirnir því eftir aðstæðum á svæðinu. Ekki skal stefnt að stækkun þjónustusvæðis, bílastæðis eða stíga og með því er reynt að takmarka þann fjölda sem þangað koma. Það samrýmist ekki stefnu Umhverfisstofnunar að á svæðinu séu haldnar útisamkomur eða aðrir fjölmennir viðburðir.

Stefnt skal að því að upplýsa ferðapjónustuaðila um sýningu á silfurbergi þegar sveitarfélagið Fjarðarbyggð hefur sett slíka sýningu upp á Eskifirði. Helsta aðdráttarafli Helgustaðanámu er silfurbergið og því er mikilvægt að fólki gefist kostur á að fræðast og skoða það annars staðar. Getur slík fræðsla stemmt stígu við steinatöku innan náttúruvættisins.

3.5. Innviðir og mannvirki

Núverandi innviðum skal viðhaldið og metið árlega hvort frekari viðhalds eða nýframkvæmda sé þörf til að vernda svæðið fyrir jarðraski og brottnámi steinda.

- ✓ Meta skal árlega hvort frekari viðhalds eða nýframkvæmda sé þörf til að vernda svæðið fyrir jarðraski og brottnámi steinda.

3.5.1. Rekstur, landvarsla og eftirlit með innviðum

Til að hægt sé að framfylgja ákvæðum friðlýsingaskilmála svæðisins og koma í veg fyrir brottnám steinda verður að stuðla að reglubundinni landvörslu innan þess. Hægt er að samþætta landvörslu í Helgustaðanámu með öðrum friðlýstum svæðum á Austurlandi.

Umhverfisstofnun hefur um árábil óskað eftir fjármagni fyrir stöðu landvarðar á Austurlandi, ekki síst til verndar Helgustaðanámu. Á vormánuðum 2017 var Umhverfisstofnun úthlutað aukafjárveiting til landvörslu á Austurlandi og var því sett fram stefna um landvörslu frá júní til áramóta árið 2017. Aðaláhersla landvörslunnar 2017 skal vera í Helgustaðanámu, ásamt því að landvörður mun hafa umsjón með öðrum friðlýstum svæðum á Austurlandi, að Teigarhorni undanskildu þar sem verður annar landvörður á sama tímabili. Þess ber að geta að um aukafjárveitingu er að ræða og ekki fyrirséð með landvörslu á komandi árum. Það er hins vegar vilji Umhverfisstofnunar að friðlýst svæði á Austurlandi njóti landvörslu og að virk varsla sé í Helgustaðanámu enda telur stofnunin að áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir brottnám steinda sé fólgin í landvörslu. Umhverfisstofnun mun því áfram kalla eftir fjármagni til að auka landvörslu á Austurlandi.

Verði umsjónarsamningur gerður við Fjarðabyggð verður nánar kveðið um í honum með hvaða hætti dagleg umsjón sveitarfélagsins verður.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við sveitafélag um umsjón með svæðinu.
- ✓ Landvarsla verði frá júní 2017 til ársloka sama ár.

3.5.2. Stígar og gönguleiðir

Setja skal fram tilmæli um að gestir fylgi stígum innan hins friðlýsta svæðis. Slík tilmæli gætu farið saman á skilti sem bannar brottnám steinda. Ljúka þarf framkvæmdum á göngustíg innan friðlandsins.

Aðgerðir:

- ✓ Skilti þar sem fólki er bent á að fylgja skuli stígum verði sett upp við upphaf göngustígs hjá bílastæði.
- ✓ Umhverfisstofnun ljúki frágangi á aðalgöngustíg innan náttúruvættisins

3.5.3. Skilti

Hér að neðan er samantekt á skiltum sem setja skal upp innan hins friðlýsta svæðis:

- ✓ Skilti með tilmælum um að fylgja stígum og sem banna brottnám steinda.
- ✓ Óskað verði eftir samstarfi við Minjastofnun Íslands um gerð fræðluskiltis um menningarminjar á svæðinu.

3.5.4. Sorp og sorpflokkun

Ekki er gert ráð fyrir sorptunnum innan marka náttúruvættisins en samkvæmt deiliskipulagi eru sorptunnur við salernisaðstöðu við bílastæði.

3.6. Öryggismál

Gestir svæðisins ferðast ávallt á eigin ábyrgð og skulu þeir vera meðvitaðir um hugsanlega hrunhættu innan svæðisins. Mælt skal með því að þeir sem fari inn í neðri námuna hafi hjálma og ljós meðferðis. Stranglega bannað er að klifra í námunum eða ganga í lausum skriðum þar sem að slíkt getur haft í för með sér slyshættu fyrir geranda og aðra gesti svæðisins.

Stefnt skal að því að öryggisúttekt verði gerð á svæðinu árlega. Einnig skal stefnt að endurgerð á víðtækari úttekt á hrun- og hraphættuúttekt í Helgustaðanámu árið 2018.

- ✓ Árlega verði gerð öryggisúttekt, með sérstaka áherslu á hrun- og hraphættu.
- ✓ Endurtekin verði öryggisúttekt á svæðinu árið 2018.

3.7. Rannsóknir og vöktun

Umhverfisstofnun skal útbúa stöðluð tilmæli til rannsakenda sem stunda rannsóknir innan náttúruvættisins sem ekki eru leyfisskyldar. Í tilmælum skulu meðal annars koma fram eftirtaldar upplýsingar:

- Tengiliður verkefnisins fyrir hönd Umhverfisstofnunar.
- Tengiliður verkefnisins fyrir hönd Fjarðarbyggðar (ef við á).
- Brottnám steinda er bannað og almennt um friðlýsingaskilmála svæðisins.
- Rannsakendur skulu fylgja stígum og ekki ganga í skriðum eða annars staðar þar sem hætta er á grjóthruni eða skemmdum á jarðminjum svæðisins.
- Tillitsemi skal höfð við aðra gesti svæðisins.
- Óska skal eftir því að Umhverfisstofnun verði afhentar niðurstöður rannsókna þegar þær liggja fyrir.

Aðgerðir:

- ✓ Samin verði tilmæli til þeirra sem stunda rannsóknir innan svæðisins sem ekki eru leyfisskyldar.

Þegar vöktunaráætlun fyrir Helgustaðanámu liggur fyrir (sjá kafla 2.7) skal hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

3.8. Kynning og fræðsla

Sýning um Helgustaðanámu var sett upp í Breiðdalssetri á Breiðdalsvík og var afhent Fjarðarbyggð árið 2016 er það stefna sveitarfélagsins að setja hana upp við Mjóeyri á

Eskifirði. Er það mat Umhverfisstofnunar að slík sýning geti haft í för með sér mikið fræðslugildi og vonandi minnkað álag á náttúruvættið sjálft.

Landvörður skal sjá um fræðslugöngur og eftirlit á svæðinu en slíkt getur haft mikið forvarnargildi gegn brottnámi steinda úr náttúruvættinu.

Stefnt skal að samstarfi við Náttúrustofu Austurlands eins og kostur gefst við gerð fræðsluefnis og rannsókna.

Sérstakar reglur um umferð og dvöl

- Gestir skulu ávallt fylgja stígum innan hins friðlýsta svæðis. Aldrei skal ganga í skriðum eða annars staðar þar sem hættu er á jarðaraski eða grjóthruni, sbr. kafli 2.5.2.
- Stranglega bannað er að klifra í námunum eða ganga þar í lausum skriðum þar sem að slíkt getur haft í för með sér slyshættu fyrir geranda og aðra gesti svæðisins, sbr. kafli 3.5.

Heimildir

- Guðný Zoëga. (2012). Helgustaðanáma í Reyðarfirði. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Skagafjörður: Byggðasafn Skagfirðinga.
- Leó Kristjánsson. (2007b). Um nokkur fræðileg rannsóknaverkefni Alberts Einsteins, og tengsl þeirra við tilraunir með íslensku silfurbergi. Fengið af slóðinni: <https://notendur.hi.is/leo/EinsteinsI6.pdf> þann 22. September 2015.
- Leó Kristjánsson. (2007a). Silfurberg – áhrifamikil afurð frá Íslandi. Erindi flutt 20. okt. 2007 í sypru vísindanefndar raunvísindadeildar Háskóla Íslands, „Undur veraldar“. Sótt þann 23. september 2016 á https://notendur.hi.is/leo/vef_rit_icelandspar.html (Nánari rannsóknir um silfurberg og helgustaðanámu er að finna á sama tengli.)
- Leó Kristjánsson. (2015). Erindi flutt á málþingi um Silfurberg o.fl., Breiðdalssetri, 29. ágúst 2015. Sótt 22. September 2016 á <https://notendur.hi.is/leo/pdf/Breidd15stytt.pdf>
- Snæbjörn Guðmundsson (2013). Steindir. *Stjörnufræðivefurinn*. Sótt 19.09.2016 á <http://www.stjornufrædi.is/solkerfid/jordin/steindir/>

Viðauki I



Viðauki II

Stj.tíð B, nr. 525/1975.

Auglýsing um friðlýsingu silfurbergsnámu að Helgustöðum, Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti silfurbergsnámana að Helgustöðum í Helgustaðahreppi í Suður-Múlasýslu ásamt nánasta umhverfi.

Mörk náttúruvættisins:

mynda ferhytning eftir línunum sem hugsast dregnar um vörður sem hlaðnar eru yfir föstum merkjum á staðnum og nær svæðið frá þjóðvegi og skammt upp fyrir námuna.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Aðeins gangandi fólk er þar heimil för í lögmætum tilgangi.
2. Hvergi má raska þar bergmyndunum og stranglega er bannað að hrófla við silfurbergi og flytja það út af svæðinu.
3. Hvers kyns jarðrask er bannað nema sérstakt leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.

[Umhverfisstofnun] getur falið ábúanda á Helgustöðum eða öðrum eftirlit með náttúruvættinu.

Heimilt er [Umhverfisstofnun] að leyfa Náttúrufræðistofnun Íslands eða öðrum opinberum söfnum takmarkaða töku silfurbergssýna í námunni undir eftirliti.

Um viðurlög við brotum á ákvæðum þessum fer að náttúruverndarlögum.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 1. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson

Birgir Thorlacius

Viðauki III


Samráðsaðilar


Samráðsaðilar vegna vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið Helgustaðanámu voru eftirtaldir:

- ✓ Ferðafélag Fjarðamanna
- ✓ Ferðamálastofa
- ✓ Landvernd
- ✓ Minjastofnun Íslands
- ✓ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ✓ Náttúrustofa Austurlands
- ✓ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ✓ Samgöngustofa
- ✓ Samtök ferðaþjónustunnar
- ✓ SAMÚT
- ✓ Sjöfn Gunnarsdóttir og Heiðberg Hjelm, Útstekk.
- ✓ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
- ✓ Unnur Ólafsdóttir, Helgustaðir
- ✓ Vegagerðin



F.h. Umhverfisstofnunar, 21. desember 2017


Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri


Linda Guðmundsdóttir, sérfræðingur

Staðfesting umhverfis- og auðlindaráðherra

